



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

Alþingi
Erindi nr. þ 130/914
komudagur 2.2.2004
S/17

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

30. janúar 2004

Efni: **Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingarsamninga, 204. mál.**

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 12. nóvember 2003, var Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT) sent ofangreint frumvarp til umsagnar. Af hálfu stjórnar SÍT var ákveðið, að setja á fót sérstakan starfshóp í því skyni að fara yfir efni frumvarpsins, og skyldi öllum aðildarfélögum SÍT gefast kostur á því að taka þátt í honum. Sú umsögn stjórnar SÍT, er hér fer á eftir, er m.a. byggð á niðurstöðum starfshópsins, en þar lögðu hönd á plóg sérfræðingar SÍT og aðildarfélaga þess á sviði váttryggingarréttar og váttryggingastarfsemi. Umsögning skiptist í þrjá höfuðkafla. Fyrst er fjallað um efni frumvarpsins almennt. Í öðru lagi er gerð grein fyrir sjónarmiðum stjórnar SÍT til málsins í heild ásamt tillögu um afgreiðslu þess. Í þriðja og síðasta lagi er vikið að einstökum ákvæðum frumvarpsins.

Almennt um efni frumvarpsins.

Lög um váttryggingarsamninga er sú grundvallarlöggjöf, sem snýr að rekstri váttryggingafélaga ásamt lögum um váttryggingastarfsemi. Hér á landi eru í gildi lög nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga. Þessi lög, sem eru samnorræn að uppruna, hafa staðist vel tímans tönn, enda afar vel staðið að undirbúningi þeirrar lagasetningar á sínum tíma. Engin knýjandi þörf er á því að varpa gildandi löggjöf fyrir róða og setja algerlega ný lög um váttryggingarsamninga, þótt fallast megi á, að einhverjar breytingar kunni að vera tímabærar, og í þeim skilningi hafi verið réttlæt看legt að ráðast í endurskoðun einhverra ákvæða váttryggingarsamningalaganna. Nefna má, að í Danmörku er í höfuðatriðum enn í gildi sú löggjöf, er byggði á hinu norræna samstarfi á sínum tíma, og endurspeglast hér á landi í lögum nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga.

Miklu varðar fyrir váttryggingafélögin, almenna neytendur og atvinnurekstur hér á landi, að til löggjafar um váttryggingarsamninga sé vandað sem kostur er, og að hugsanlegar fyrirmyndir í erlendum rétti á þessu sviði séu valdar af kostgæfni. Kröfur til slíkrar löggjafar eru í **fyrsta lagi**, að hún sé skýr og gefi ekki tilefni til óþarfa ágreinings. Í **öðru lagi**, að hún taki í hvívetna tillit til nútíma viðskiptahátta, þ.m.t. upplýsingatækninnar, og

að hún stuðli að þróun váttryggingagreina í samræmi við stöðugar breytingar á þörfum einstaklinga og atvinnulífs. Í þriðja lagi, að löggjöfin taki eins og framast er kostur mið af samnings- og viðskiptafrelsi aðila, og slíkt frelsi verði ekki skert nema í þeim tilvikum einum, að brýnir hagsmunir einstaklinga krefjist, og þá samkvæmt almennum sjónarmiðum nútíma neytendaverndar.

Fyrirmynd þess frumvarps, sem hér er til umfjöllunar eru norsk lög um váttryggingarsamninga nr. 69/1989, en byrjað var að undirbúa þá löggjöf upp úr 1980. Þótt undirbúningur þessarar lagasetningar hafi verið langur í Noregi, verður ekki að sama skapi sagt, að vel hafi tekist til með efni laganna. Má færa rök að því, að lögin séu andstæð öllum þeim þremur kröfum, sem gera verður til laga um váttryggingarsamninga og hér að framan voru rakin. Dregur efni frumvarpsins eðlilega dóm af því. Reglur þess eru ófrávíkjanlegar, m.a.s. er atvinnurekstri þessa lands óheimilt að semja um aðra tilhögun á váttryggingum sínum við váttryggjanda sinn en lögin tiltaka. Hafa þó hvorki einstakir atvinnurekendur né samtök þeirra óskað eftir þessari forsjá löggjafans, öðru nær. Reglur frumvarpsins eru iðulega matskenndar og kalla beinlínis á mismunandi túlkun, og þar með óþarfa ágreining. Þá felast í reglum frumvarpsins kvaðir á hendur váttryggjendum, sem eru óþarflega íþyngjandi og stuðla að auknum rekstrarkostnaði þeirra, án þess þó að séð verði að þær skili váttryggingartökum og váttryggðum ávinningi. Dæmi slíks eru yfirgripsmiklar kröfur á hendur váttryggingafélögum um margvíslega upplýsingagjöf við töku og endurnýjun váttrygginga, og raunar á váttryggingartíma. Erfitt er að átta sig á tilgangi slíkra lagaboða. Er þá engan veginn verið að draga úr því, að váttryggingartökum og váttryggðum er nauðsyn á greinagóðum upplýsingum í samræmi við góða viðskiptahætti í váttryggingum.

Afstaða SÍT og tillaga um afgreiðslu frumvarpsins.

Stjórn Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT) getur fallist á, að tímabært hafi verið að huga að breytingum á gildandi lögum um váttryggingarsamninga. Af hálfu viðskiptaráðuneytisins var settur á laggir starfshópur til að taka að sér það verkefni. Átti SÍT fulltrúa í þeim starfshópi. Sú ákvörðun var hins vegar tekin í sjálfu ráðuneytinu, að samið skyldi algjörlega nýtt frumvarp til váttryggingarsamningalaga, og að norskri fyrirmynd. Var starfshópnum falið að vinna áfram og þá eftir þeirri verklýsingu. Af SÍT hálfu hafa ætíð verið mikla efasemdir um þá ákvörðun að taka upp svo víðtæk og ófrávíkjanleg lög eins og hér um ræðir, sem bæði binda einstaklinga og atvinnurekstur. Þótt SÍT og váttryggingafélögin hafi leitast við að benda á marga og augljósa ágalla, hefur fremur lítt orðið ágennt við að ná fram nauðsynlegum lagfæringum.

Hefur SÍT bent á, að nærtækara væri að horfa til váttryggingarsamningalöggjafarinnar í Danmörku. Þar hafa fyrst og fremst verið gerðar breytingar á gildandi váttryggingarsamningalögum, en þau lög eru sem kunnugt er náskyld íslenskum rétti, og þeim breytingum hafa ráðið sjónarmið um aukna neytendavernd. Þótt ýmsar breytingar hafi þannig verið gerðar á dönskum rétti í þessa veru hefur ekki verið um kollsteypu að ræða, enda er í Danmörku eins og víðar í ESB-ríkjum beðið átekta eftir skýrari línunum um þetta mikilvæga svið váttryggingarréttarins frá stofnunum Evrópusambandsins. Stjórn SÍT ítrekar þá skoðun sína, að skynsamlegra væri að standa svipað að málum hér á landi.

Verður ekki séð að slíkt hefði, að öllu virtu, í för með sér skerðingu á hagsmunum váttryggingartaka og váttryggðra. Stjórn SÍT skorar á þingmenn að kanna aðrar leiðir en þá að lögfesta afar sérstakar og viðamiklar reglur um váttryggingarsamninga hér á landi, sem aðilum er gert ókleift að semja sig undan.

Einstök ákvæði frumvarpsins.

Hér á eftir verður vikið að einstökum ákvæðum frumvarpsins, sem ástæða er til að huga sérstaklega að. Áréttað skal, að í nokkrum tilvikum sýnist sem lagafrumvarpstextinn sjálfur gæti staðið lítt eða ekki breyttur, en athugasemdirnar og skýringarnar með hlutaðeigandi grein hleypi á hinn bóginn túlkun ákvæða í uppnám. Verða slík ákvæði að sjálfsögðu einnig gerð að umfjöllunarefni.

Um 2. gr. Skilgreiningar.

Í e- lið þessarar greinar er að finna skilgreiningu á hugtakinu varúðarreglur. Skilgreiningin er samkvæmt efni sínu ágæt, og í samræmi við það sem hér á landi hefur gilt. Ekki er því gerð bein tillaga um breytingar á skilgreiningunni. Í athugasemd um þetta ákvæði frumvarpsins segir orðrétt svo (bls. 56): „Sú skilgreining sem hér er gerð tillaga um er nákvæmari **og einnig víðtækari en leiða mundi af reglu 51. gr. VSL**“. Vissulega er það svo, að mörk milli varúðarreglna og svonefndra hlutlægra ábyrgðartakmarkana geta verið óljós, og er það hlutverk dómstóla áfram sem hingað til að leysa úr ágreiningi í því efni, og þá á grundvelli viðtekinna lögskýringarheimilda. Í árána rás hefur þó álitafnum um þetta eðli málsins samkvæmt farið mjög fækkandi, en ummælin í athugasemdunum eru beinlínis til þess fallin að stofna til óparfa ágreinings. Lagt er til, að í nefndarálitum efnahags- og viðskiptanefndar, verði skýrt tekið fram, **að þrátt fyrir ummæli í athugasemdum um víðtækari þýðingu varúðarreglna en samkvæmt núgildandi 51. gr. VSL, sé ekki ætlunin að breyta viðteknum rétti að þessu leyti.** Verði þessi tillaga ekki samþykkt, er lagt til að e- liður 2. gr. verði felldur brott. Nánar verður að þessu vikið í umsögn þessari um 26. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr. Ófrávíkjanlegar reglur.

Varðandi þessa grein vísast til almenns inngangs umsagnar þessarar hér að framan. Ófrávíkjanlegar reglur um váttryggingarsamninga hljóta fyrst og fremst að taka til samskipta váttryggingafélaga og einstaklinga sem almennra neytenda, en ekki til váttrygginga sem teknar eru í tengslum við atvinnustarfsemi. Þetta ákvæði gengur lengra en sambærilegt ákvæði norskra laga, en þar er t.a.m. heimilt að víkja frá ákvæðum laganna, þegar um sjótryggingar er að ræða. Í dönskum reglum um samskipti/upplýsingagjöf váttryggingafélaga til váttryggingartaka eða váttryggðra eru reglurnar einungis ófrávíkjanlegar gagnvart einstaklingum, en frávikjanlegar tengist váttryggingarnar atvinnurekstri. Komi til ágreinings, hefur svo félagið sönnunarbyrðina fyrir því, að reglurnar hafi verið frávikjanlegar. Minnt skal á, að þessi tilhögun frumvarpsins er ekki í samræmi við lagastefnu hér á landi á öðrum sviðum, s.s. í lögum nr. 40/2002 um fasteignakaup, sbr. 1. mgr. 5. gr. þeirra laga. Þá hafa íslenskir atvinnurekendur ekki farið þess á leit, að þeir væru með lögum sviptir samningsfrelsi við

vátryggjendur. Í ljósi framanritaðs, og einnig þess, að vátryggingar á loftföllum, skipum og í vöruflutningum eru háðar alþjóðlegum reglum og aðstæðum á vátryggingamarkaði, er eindregið lagt til, að 2. mgr. 3. gr. verði breytt, og ákvæðið hljóði svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er í öðrum tegundum vátrygginga en ábyrgðartryggingum skv. 46. gr. heimilt með samningi að víkja frá ákvæðum þessa hluta þegar vátrygging er tekin vegna hvers konar atvinnurekstrar, svo og skráðra skipa, skráðra loftfara og flutnings á vörum milli landa“.

Áréttað skal, að verði á þessa breytingu fallist þarf að endurskoða efni og uppbyggingu frumvarpsins frekar en í þessari umsögn er gert.

Um 4. gr. Upplýsingar við töku vátryggingar.

Nauðsynlegt er að afmarka nokkuð skyldu félags til að gera grein fyrir takmörkunum á gildissviði vátrygginga, en eins og 4. gr. frumvarpsins er orðuð er ákvæðið í senn víðtækt og óljóst. Hlýtur upplýsingaskylda félagsins í þessu efni fyrst og fremst snúast um það, að vekja athygli á því, ef gildissvið vátryggingar er verulega fábrugðið því, sem ætla má miðað við sambærilegar vátryggingar. **Vegna þessa er lagt til að í lok 2. másl. 4. mgr. verði bætt „miðað við sambærilegar vátryggingar“.**

Um 6. gr. Upplýsingaskylda um efni löggjafar.

Efni 1. mgr. þessarar greinar er með öllu óásættanlegt og á sér enga hliðstæðu. Er ætlunin sú, að gera þá kröfu, að upplýsa skuli vátryggingartaka um efni vátryggingarsamningalaga, sem gilda eiga um samninginn, hvort heldur íslensk löggjöf eigi að gilda eða erlend. Í athugasemdum með 6. gr. frumvarpsins er sagt, að þetta sé í samræmi við gildandi rétt, og er þá átt við 56. gr. laga nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi. Þessi staðhæfing er á hinn bóginn röng, því að kvöðin í 56. gr. laga nr. 60/1994 til að upplýsa ítarlega um efni vátryggingarsamningalöggjafar á eingöngu við, **hyggist aðilar semja um að um vátryggingarsamninginn skuli gilda önnur löggjöf en íslensk.**

Ákvæði frumvarpsins er í hæsta máta óeðlilegt. Í fyrsta lagi er meginreglan auðvitað sú, að lögformleg birting íslenskra laga í Stjórnartíðindum telst fullnægjandi gagnvart borgurunum. Hitt er annað, að vátryggingafélögin í tilvikum, þegar sérstakar ástæður mæla með því og út frá sjónarmiðum góðra viðskiptahátta, gætu séð ástæðu til að skýra einstök ákvæði laga, þ.m.t. vátryggingarsamningalaga. Að lögbjóða slíkt er út í hött. Í öðru lagi skal nefnt, að vátryggingastarfsemi er ein gerð fjármálaþjónustu, og um hana gilda sérstök lög um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994 með síðari breytingum. Um aðra fjármálaþjónustu en vátryggingastarfsemi hefur nýlega verið sett ný löggjöf, þ.e. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þar er að vonum engin ákvæði að finna, sem mæla fyrir um það, að viðskiptabankar og sparisjóðir upplýsi viðsemjendur um efni þeirra íslensku löggjafar, sem gilda skuli um lánveitingar þeirra, t.d. um íslenskan kröfurétt og víxillög svo að dæmi sé tekið. Vátryggingafélög, sem starfa hér á landi, eiga ekki að þurfa að sæta því, að til þeirra séu gerðar allt aðrar og strangari form- og efniskröfur en gerðar eru til

annarra fjármálafyrirtækja eða váttryggingafélaga, sem starfa erlendis. Í þriðja lagi má nefna, að norsk lög um váttryggingarsamninga hafa verið valin af viðskiptaráðuneytinu sem fyrirmynd nefndarinnar, sem endurskoðaði löggin hér á landi um váttryggingarsamninga. Í norskum lögum er ekki að finna sambærilega kröfu, og hér er verið að leggja til, þ.e. í norskum lögum er ekki að finna áskilnað um það, að norsk félög skuli upplýsa váttryggingartaka sérstaklega um efni norskrar löggjafar um váttryggingarsamninga. Í fjórða og síðasta lagi sýnist jafnvel við athugun, að það, að þetta ákvæði skuli vera með þessum hætti í endanlegri gerð frumvarpsins, sé að einhverju leyti mistök, enda er ákvæðið allt annað að efni en sambærilegt ákvæði, er snýr að persónutryggingum, sbr. 3. mgr. 64. gr.

Lagt er eindregið til, að 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins verði breytt, og hljóði svo:

„Gildi önnur löggjöf en íslensk um váttryggingarsamninginn, skal félagið eða sá, sem gerir samninginn fyrir hönd þess, gefa váttryggingartaka upplýsingar um efni þeirrar löggjafar, sem gilda skal um samninginn“.

Um 10. gr. Váttryggingarskírteini.

Grundvallargögn varðandi váttryggingarsamninginn eru váttryggingarskilmálarnir, sem oft eru afar ítarlegir, og váttryggingarskírteini, sem er fyrst og fremst staðfesting á því, að váttrygging hafi verið tekin auk upplýsinga um aðila samningsins, hið váttryggða og gildistíma váttryggingarinnar. Í athugasemdum með 10. gr. kemur efnislega fram, að váttryggingarskírteinið eigi að vera hnitmiðað og ekki yfirgrípsmikið skjal. Því kemur á óvart, að í 10. gr. skuli koma fram tillögur, sem ganga þvert á þetta markmið, og að í váttryggingarskírteinið eigi að taka upp ýmis efnisatriði, sem m.a. koma fram í váttryggingarskilmálunum sjálfum. Hér er verið að varpa fyrir róða viðteknum sjónarmiðum um efni og skýrleika váttryggingarskírteinisins að tilefnislausu, og er ákvæðið að óbreyttu til þess fallið að flækja sölu váttrygginga og endurnýjun þeirra og auka skriffinnsku. Eftirtaldir breytingar eru lagðar til á 2. mgr. 10. gr.:

Staffliðirnir d og g falli brott. Efnisatriði þeirra koma fram í skilmálum sem vísað er til í váttryggingarskírteini og greiðsluseðli.

Núverandi e-lið, sem verði d- liður, verði breytt og hljóði svo til áréttingar:

„d. sérstakir fyrirvarar, ef einhverjir eru, um takmörkun á ábyrgð..... o.s.frv.

Núverandi f- lið, sem verði e- liður, verði efnislega breytt, og hljóði svo:

„e. hvaða sérstakar varúðarreglur félagið hefur sett, sem ekki er getið í skilmálunum“.

Um 11. gr. Upplýsingar við endurnýjun váttryggingar.

Til samræmis við breytingar á 10. gr. varðandi vísan til varúðarreglna er lagt til, að 2. mgr. 11. gr. verði breytt og hún hljóði svo:

„Ef félagið hefur mælt fyrir um sérstakar takmarkanir á notkun váttryggðs hlutar eða um sérstakar varúðarreglur eða um önnur sérstök samningsákvæði, sem ekki er getið í skilmálum, skal einnig minna á þau atriði“.

Um 14. gr. Heimild til váttryggingartaka til þess að segja upp váttryggingarsamningi.

Í 2. mgr. er ráð fyrir því gert, að váttryggingartaki geti sagt upp váttryggingu sem endurnýjast sjálfkrafa á váttryggingartíma, hafi hann „ekki lengur þörf“ fyrir váttrygginguna eða fyrir hendi séu „aðrar sérstakar ástæður“. Hin tilvitnuðu orð eru óheppileg og gætu gefið til kynna stórum víðtækari heimildir en stefnt mun að og eðlilegt er. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að ekki hafa verið vandkvæði á því hér á landi fyrir váttryggingartaka að fá sig leystan undan váttryggingarsamningi, séu ekki lengur hagsmunir tengdir váttryggingunni. Lagt er til, að 2. mgr. verði breytt og orðið svo:

„Váttryggingartaki getur á váttryggingartíma sagt upp váttryggingarsamningi sem endurnýjast sjálfkrafa, ef hann hefur ekki lengur hagsmuni af váttryggingunni“.

Um 15. gr. Heimild félagsins til að slíta váttryggingarsamningi á váttryggingartímabilinu.

Ekki eru gerðar tillögur um beinar orðalagsbreytingar á 1. mgr. 15. gr., en þar er vikið að heimildum félags til að segja upp váttryggingu, m.a. þegar „fyrir hendi séu sérstök atvik, sem skýrlega eru tilgreind í váttryggingarskilmálum, enda megi telja uppsögnina sanngjarna“. Í athugasemdum segir hins vegar beinlínis svo um þetta atriði, að áskilnaður félaga í váttryggingarskilmálum um heimild til uppsagnar innan tiltekins frests eftir að váttryggingaraburður hefur orðið, yrði óheimill ef frumvarpið yrði að lögum. Þessi túlkun í athugasemdunum varðandi þetta atriði er ótæk. **Því er eindregið lagt til, að í nefndaráli efnahags- og viðskiptanefndar kom fram, að þrátt fyrir ofangreind ummæli í athugasemdunum með 15. gr. sé svo litið á, að meðal sérstakra tilvika, sem réttlætt gæti uppsögn váttryggingafélagsins sé tjónatíðni, sem bersýnilega sé umfram það, sem eðlilegt getur talist.** Til skýringar skal þess getið, að þannig hefur framkvæmdin verið hér á landi og víðast annars staðar. Uppsagnir váttryggingafélaga af þessum ástæðum eru ekki tíðar, en heimildin þarf þó skýlaust að vera fyrir hendi til að taka á þeim undantekningartilvikum, er tjónatíðni keyrir úr hófi.

Í 2. mgr. 15. gr. er svo fyrir mælt, að uppsagnarfrestur félagsins skuli hið minnsta vera tveir mánuðir. Engin rök eru fyrir svo löngum fresti. **Lagt er til, að þessi frestur verði einn mánuður,** og er það til samræmis við uppsagnarrétt váttryggingartaka.

Um 18. gr. Endurnýjun og breyting á váttryggingarskilmálum við endurnýjun váttryggingar.

Í 1. mgr. 18. gr. er mælt fyrir um það að, tilkynningarfrestur félags, hyggist það ekki endurnýja váttryggingu, skuli vera tveir mánuðir. **Lagt er til að þessi frestur verði einn mánuður,** til samræmis og með sömu rökum og nefnd hafa verið hér að framan.

Í 1. ml. 2. mgr. 18. gr. segir orðrétt: „Félagið getur einungis neitað að endurnýja váttryggingu skv. 1. mgr. þegar fyrir liggja sérstakar ástæður sem leiða til þess að sanngjarn er að segja henni upp“. Hér er fast að orði kveðið, og langt gengið í því efni að skerða samningsfrelsi váttryggingafélaga og skylda þau til samningsgerðar. Standi vilji til þess, að halda ákvæði af þessu tagi til streitu, er nauðsynlegt, að það veiti váttryggingafélögunum nokkru meira svigrúm í þessu efni. Lagt er til, að 1. ml. 2. mgr. 18. gr. verði breytt og orðist svo:

„Félaginu er heimilt að neita að endurnýja váttryggingu þegar fyrir liggja sérstakar og málefnalegar ástæður“.

Í 3. mgr. er efnislega svo fyrir mælt, að verði gerðar breytingar á skilmálum við endurnýjun váttryggingar, jafnvel þótt í örlitlu sé, skuli fortakslaust afhenda váttryggingartaka hina nýju skilmála. Jafnframt skuli gerð sérstök grein fyrir breytingunum. Á sama hátt segir að séu settar nýjar varúðarreglur, skuli félagið afhenda váttryggingartaka hinar nýju reglur, og jafnframt gera grein fyrir breytingum á þeim. Hér er verið að gera tillögur um stórfellda og kostnaðarsama afhendingu gagna, sem frá sjónarhóli neytenda hefur í langflestum tilvikum enga þýðingu. Váttryggingarskilmálar eru oftast en ekki miklir að vöxtum, eru ætíð afhentir við töku váttryggingarinnar og eru alltaf váttryggingartökum aðgengilegir hjá félögunum, bæði prentaðir og í rafrænu formi á heimasíðum félaganna. Svipuð sjónarmið eiga við um varúðarreglur, en nánast alltaf er að þeim vikið í váttryggingarskilmálunum sjálfum. Ekki verður með nokkru móti séð, að það hafi í för með sér verri kost fyrir váttryggingartaka, þótt dregið verði úr þessari lögákvörðuðu sendingarskyldu gagna, og ákvæðið gert „umhverfisvænna“ og nútímalegra. Lagt er til, að 3. mgr. 18. gr. verði breytt, og hljóði svo:

„Vilji félagið breyta skilmálum váttryggingarinnar við endurnýjun hennar skal það, um leið og krafið er um iðgjöld fyrir næsta váttryggingartímabil gera grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa frá fyrri skilmálum. Séu settar nýjar sérstakar varúðarreglur, sem ekki koma fram í skilmálum, skal félagið gera grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa frá fyrri reglum. Félagið skal afhenda eða benda á hvar nálgast megi nýja skilmála og ef við á nýjar varúðarreglur. Félagið getur ekki borið fyrir sig skilmálabreytingu ef reglum þessarar greinar er ekki fylgt“.

Um 19. gr. Skylda váttryggingartaka til að veita upplýsingar um áhættuna.

Í lokamálslið 1. mgr. 19. gr. segir, að váttryggingartaki og eftir atvikum váttryggður skuli að eigin frumkvæði veita upplýsingar um „sérstök“ atvik sem hann veit eða má vita, að hafa „verulega“ þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu. Hér sýnist nánast vitandi vits verið að víkja frá þeirri grundvallarreglu, að váttryggingartaki og váttryggður eigi að upplýsa um allt sem þeir vita eða megi vita að hafi þýðingu fyrir áhættumat félagsins. Þeir skuli framvegis aðeins upplýsa um sumt. Þá er ákvæðið í þessari mynd augljóst tilefni til ágreinings. Því er lagt til, að orðin „sérstök“ og „verulega“ verði felld á brott, enda með engu móti unnt að sjá, að slíkt skaði hagsmuni hinna almennu váttryggingartaka eða váttryggðra. Skuli lokamálsliður (4. másl.) 1. mgr. 19. gr. því hljóða svo:

„Vátryggingartaki, og eftir atvikum vátryggður, skal einnig að eigin frumkvæði veita upplýsingar um atvik sem hann veit, eða má vita, að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu“.

Um 20. gr. Takmörkun á ábyrgð félagsins vegna vanrækslu á upplýsingaskyldu.

Í 2. mgr. 20. gr. segir, að hafi vátryggingartaki með öðrum hætti en mælt er fyrir um í 1. mgr., þ.e. svíksamlega, vanrækt upplýsingaskyldu sína „í þeim mæli að ekki telst óverulegt“ má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta. Í 3. mgr. 20. gr. er svo að finna nánari skýringar hvaða þýðingu vanrækslan hefur við mat á ábyrgð félagsins. Í ljósi efnis 3. mgr. og raunar allrar 20. gr., þegar hún er skoðuð í heild sinni, er tilgreindu orðunum „í þeim mæli að ekki telst óverulegt“ algjörlega ofaukið og beinlínis villandi. Er því eindregið lagt til, að 2. mgr. 20. gr. verði breytt og hún hljóði svo:

„Hafi vátryggingartaki með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína, má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta“.

Um 26. gr. Brot á varúðarreglum.

Ekki eru gerðar tillögur um beinar orðalagsbreytingar á 26. gr. Í athugasemdum með greininni er á hinn bóginn að finna hugleiðingar um, að í ákvæðinu felist nýjar og gjörbreyttar sönnunarreglur, sem engan veginn verður við unað. Þannig segir m.a. í athugasemdum um 2. másl. greinarinnar: „Hér er því gerð tillaga um aðrar sönnunarreglur en í 51. gr. VSL og er þessi breyting vátryggðum mjög í hag. Regla 51. gr. VSL hefur verið skýrð svo, að sönnunarbyrði um að varúðarreglur hafi verið brotnar og það hafi verið gert af ásetningi eða gáleysi hvíli á félaginu, en ef vátryggður geti samt fært sönnur að því að háttsemi hans hafi ekki haft þýðingu fyrir það að vátryggingaratburður varð geti hann þó krafist bóta. Þessari sönnunarbyrði er létt af vátryggðum“. Hér er allt of langt gengið í því að draga úr þýðingu og forvarnaráhrifum varúðarreglna, og lengra en gert er yfirleitt í norrænum rétti. Afar brýnt er því, að í nefndarálitni efnahags- og viðskiptanefndar verði beinlínis tekið fram, að **þrátt fyrir orðalag í athugasemdum varðandi breytta sönnunarbyrði í þessum tilvikum, skuli við túlkun 26. gr. gildandi reglur 51. gr. VSL hafðar til hliðsjónar, og að vátryggður hafi sönnunarbyrðina fyrir því áfram sem hingað til, að ekki hafi skipt máli, að varúðarreglur voru brotnar.**

Um 27. gr. Vátryggður veldur vátryggingaratburði.

Í 2. másl. 1. mgr. segir efnislega, að hafi vátryggður ekki viðhaft svíksamlega háttsemi, þótt hann hafi af ásetningi valdið tjóni, megi þó leggja ábyrgð á félagið að hluta. Þessu ákvæði er algjörlega ofaukið. Í fyrsta lagi ber að nefna, að alls ekki verður við það unað að ásetningsverknaður skuli leiða til bótaskyldu nema í þeim tilvikum, sem talin eru í 4. mgr. þessarar greinar. Í öðru lagi þá er þessi málsliður inni fyrir mistök. Samkvæmt norskum lögum, sem er fyrirmynd frumvarps þessa, er að finna afar sérkennilegt ákvæði um hugsanlegan bótarétt „af félagslegum ástæðum“ í þeim tilvikum, að tjón hafi orðið á

innbúi og íbúðarhúsnæði (grein 4-12 í norskum VSL). Varð að ráði við samningu þessa frumvarps, er hér er til umfjöllunar, að taka ekki upp sambærilegt ákvæði hér. Ákvæði norsku laganna, sem er samhljóða 2. másl. 1. mgr. frumvarpsins, þ.e. gr. 4-9 í norskum VSL, er hins vegar nátengt gr. 4-12 í norskum VSL og beinlínis vísað þar á milli. Það á því ekki við í íslenska frumvarpinu, því að þær takmörkuðu forsendur, þar sem reynt getur á þetta ákvæði í norskum lögum, eru ekki fyrir hendi hér. Eins og 2. másl. 1. mgr. birtist hins vegar í frumvarpinu hefur ákvæðið öðlast sjálfstæða og víðtæka merkingu, sem ekki er til vitað að eigi sér hliðstæðu í nokkurri annarri löggjöf. **Með vísan til framangreinds er eindregið lagt til, að 2. másl. 1. mgr. 27. gr. verði felldur brott.**

Samkvæmt frumvarpinu er ekki heimild til að undanskilja í skilmálum váttryggingaratburði sem rekja má til þess, að váttryggður var undir áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eins og er í gildandi lögum um váttryggingarsamninga. Lagt er til að víkja megi frá þessu í skilmálum húftryggingar ökutækja svo sem er í norskum lögunum (gr. 4-9). Rökin fyrir heimild til að semja um undanþágu eru varnaðaráhrif og alvarleiki ölvunaraksturs. Er lagt til, að ökumaður verði í skilningi ákvæðisins talinn undir áhrifum áfengis, þegar hann telst eigi geta stjórnað ökutæki örugglega samkvæmt skilgreiningu 45. gr. umferðarlaga. Í samræmi við framangreint er lagt til, að 3. mgr. 27. gr. verði breytt, hún aukin að efni, og hljóði svo:

„Félagið getur ekki borið fyrir sig að váttryggður hafi valdið váttryggingaratburði ef háttsemi hans telst ekki ásetningur eða stórkostlegt gáleysi. Ákvæði þetta er því þó eigi til fyrirstöðu, að samið sé um það í húftryggingu ökutækja, að félagið skuli leyst úr ábyrgð, þegar váttryggður hefur valdið váttryggingaratburði undir áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna. Sama gildir þegar annar aðili sem þannig er ástatt um veldur váttryggingaratburði, ef váttryggður hefur samþykkt notkun ökutækisins, enda hafi hann vitað eða mátt vita að ökumaðurinn var undir áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna. Ökumaður telst undir áhrifum áfengis ef vínandamagn í blóði hans nemur minnst 0,50% eða vínandamagn í lofti, sem hann andar frá sér, nemur 0,25 milligrömmum í lítra lofts, sbr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987“.

Um 29. gr. Háttsemi ættingja váttryggðs, aðstoðarmanna hans og annarra, sem tengjast honum með svipuðum hætti.

Eðlilegt þykir, að í upptalningu a- lið 2. mgr. 29. gr. verði skip tekin með. Miðað við skýringar í athugasemdum er þetta ákvæði alltof þröngt, og má nánast skilja það svo, að með orðalaginu „ábyrgur fyrir hinn váttryggða“ sé átt við varanleg umráð hins váttryggða. Því er lagt til, að í stað hinum tilvitnuðu orða verði tekið upp „not af hinu váttryggða“. Lagt er til, að a- lið 2. mgr. 29. gr. verði breytt og hljóði svo:

„a. við váttryggingu ökutækja, skipa, loftfara eða annarra farartækja og húsdýra megi félagið bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs hefur not af hinu váttryggða“.

Á sama hátt er nauðsynlegt, að í b- lið 2. mgr. 29. gr. verði talin upp „ökutæki“, enda eiga sömu sjónarmið við um þau í þessu sambandi og aðra hagsmuni, er þar eru upp taldir. Lagt er til, að b- liður 2. mgr. 29. gr. hljóði því svo:

„b. við váttryggingu ökutækis, íbúðarhúsnæðis, orlofshúsnæðis og innbús ... o.s.frv.“.

Um 32. gr. Gjaldldagi, fyrsta tilkynning.

Vegna m.a. lögboðinna ökutækjatrýgginga, sem teknar eru með einhliða yfirlýsingu, sem iðulega gerist, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 392/2003 um lögmæltar ökutækjatrýggingar, sem sett er með stoð í umferðarlögum nr. 50/1987, er lagt til að tekin verði upp ný málsgrein, sem verði 2. mgr. og hljóði svo:

„Hafi váttrygging verið tekin með einhliða yfirlýsingu váttryggingartaka má greiðslufrestur þó vera 7 dagar hið skemmsta frá þeim degi, sem greiðslu var krafist. Er félaginu þá heimilt, þrátt fyrir 1. mgr., að fella váttrygginguna niður, hafi iðgjald ekki verið greitt við það tímamark, enda hafi félagið upplýst váttryggingartaka áður um það, að það hyggist nýta sér þennan rétt, verði iðgjaldið ekki greitt innan frestsins“.

Um 33. gr. Greiðsludráttur á iðgjaldi, síðari tilkynningar.

Vegna tillögu um nýja málsgrein í 32. gr. frumvarpsins þarf að gera þá breytingu í 1. másl. 1. mgr. 33, **áð í stað tilvísunar „skv. 32. gr.“ komi „skv. 1. mgr. 32. gr.“.**

Um 46. gr. Staða tjónþola við ábyrgðartryggingar teknar í tengslum við viðamikla atvinnustarfsemi.

Af efni frumvarpsins sýnist, að í reynd gildi sömu reglur varðandi ábyrgðartryggingar stórfyrirtækja og annarra. Af norskum VSL að dæma (gr. 7-8) gilda mismunandi reglur, og sýnist tjónþoli ekki eiga fortakslausa og beina kröfu á váttryggingafélag nema við gjaldþrot félags. **Því er lagt til, að 46. gr. falli brott.** Ef á hinn bóginn farið yrði að þeim sjónarmiðum, sem áður voru rakin í umsögninni, m.a. í tengslum við 3. gr. frumvarpsins, þess efnis að frumvarpið taki ekki fortakslaut til váttrygginga atvinnureksturs, þyrfti þó að taka upp í frumvarpið aftur áþekkt ákvæði, sem þó yrði ekki bundið við stóratvinnurekstur einan. Við breytingar þarf og að hafa í huga, að í 3. gr. er beinlínis vísað til 46. gr.

Um 47. gr. Upplýsingaskylda váttryggðs við uppgjör bóta.

Í 2. mgr. 47. gr. er fjallað um þau tilvik, er váttryggður af ásetningi veitir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar. Í 2. másl. segir, að sé háttsemi váttryggðs ekki alvarleg eða hún varðar aðeins lítinn hluta kröfunnar eða sérstakar ástæður mæla með geti hann þó fengið bætur að hluta. Að veita viljandi rangar upplýsingar við bótauppgjör er hér á landi sem annars staðar grafalvarleg háttsemi og refsiverð samkvæmt ákvæðum hegningarlaga. Sérstakar ástæður eða það að svikin hafi ekki verið alvarleg réttlæta ekki, að slík háttsemi

er höfð í frammi. Ákvæði þetta er og bersýnilega fallið til stöðugs ágreinings. **Því er eindregið lagt til, að 2. másl. 2. mgr. 47. gr. verði felldur brott.** Þá sýnist ákvæðið um sérstaka tilkynningarskyldu félags, ætli það að bera fyrir sig háttsemi váttryggðs orka tvímælis, og er því lagt til að 3. másl. 2. mgr. 47. gr. falli einnig brott.

Um 48. gr. Greiðsla bóta.

Í síðari másl. 48. gr. er fjallað um skyldu félags til hlutagreiðslu, og er ekki gerð athugasemd við þá kvöð sem slíka, enda sé slíkrar greiðslu óskað. Því er eindregið lagt til, að síðari málsgr. 48. gr. hljóði svo, og er það til samræmis við efni 1. másl. 48. gr.

„Ef augljóst verður áður en endanlegt uppgjör bóta getur farið fram, að félagið skuli að minnsta kosti greiða hluta þeirra má krefjast hlutagreiðslu sem því nemur“.

Um 50. gr. Vextir.

Í 6. mgr. 50. gr. segir, að almennir vextir samkvæmt þessari grein skuli vera hinir sömu og greiða ber skv. II. kafla laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Í 123. grein frumvarpsins um vexti vegna persónutryggingu segir hins vegar efnislega, að vextirnir skuli vera hinir sömu og greiða ber á skaðabætur samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu. Eðlilegast er hér að miða við vexti af skaðabótum skv. vaxtalögum, hvort heldur um er að ræða bætur skv. skaðatryggingum eða persónutryggingum. Við athugun sýnist sem mistök hafi orðið í þessu efni við frágang frumvarpsins, sbr. og athugasemdir frumvarpsins með 123. gr., þar sem segir að sömu reglur eigi að gilda að þessu leyti. Með vísan til þessa er eindregið lagt til, að 6. mgr. 50. gr. verði breytt, hún gerð samhljóða 123. gr. að þessu leyti, og hljóði svo:

„Almennir vextir samkvæmt þessari grein skulu vera hinir sömu og greiða ber á skaðabætur samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Um dráttarvexti gilda reglur III. kafla þeirra laga“.

Um 55. gr. Upplýsingar um váttrygginguna.

Til samræmis við breytingatillögur á 10. gr. er lagt til, að lokamálslið 55. gr. verði breytt og hljóði svo:

„Sérstakar varúðarreglur sem ekki er getið í skilmálum, skal tilgreina sérstaklega“.

Um 56. gr. Váttryggingarskírteini.

Ýmsum atriðum varðandi hópvátryggingar og töku þeirra hefur til þessa verið þannig háttað, að þau horfa til einföldunar og eru til þess fallin að draga úr sölukostnaði. Eitt einkenna hópvátrygginga er m.a. það, að aðeins er gefið út eitt váttryggingarskírteini til váttryggingartakans fyrir allan hópinn. Áskilnaður um útgáfu váttryggingarskírteina til allra þátttakenda í hópnum er ekki raunhæfur, og er ekki í samræmi við það sem almennt

tíðkast annars staðar. Þá er gerð tillaga um að dregið verði úr ónauðsynlegri dreifingu gagna. Því er lagt til að 1. mgr. 56. gr. verði breytt og hljóði svo:

„Sé haldin skrá yfir þátttakendur í hópi sem hópvátrygging tekur til skal sá sem heldur skrána án ástæðulauss dráttar sjá til þess að hver sá sem telst þátttakandi fái afrit vátryggingarskírteinisins. og upplýsingar um þá skilmála, sem um vátrygginguna gilda“.

Þá er lagt til, að í 1. másl. 2. mgr. 56. gr. verði tekið upp orðið „afrit“, og hljóði upphaf ákvæðisins svo:

„Nú hefur maður fengið afrit vátryggingarskírteinis skv. 1. mgr. o.s.frv.“

Um 59. gr. Breyting á skilmálum.

Til áréttingar og skýringar á efni greinarinnar er lagt til að greininni verði lítillega breytt, og hljóði svo (feitletuðu orðin er viðbót):

„Ef skilmálum hópvátryggingar er breytt þannig að það rýri stöðu þátttakenda gilda ákvæði 2. mgr. 58. gr. **um tilkynningarskyldu félagsins**, eftir því sem við getur átt“.

Um 61. gr. Gildissvið II. hluta laganna.

Varðandi efni 3. mgr. 61. gr. skal áréttað, að vissulega hníga rök að því, að ákvæði líftrygginga í þeim hluta laganna, sem fjalla um persónutryggingar, þ.e. í II. hluta, skuli einnig ná til þeirra heilsutrygginga, sem ætlað er að vara lengi og eru án uppsagnarréttar félags. Hins vegar er ljóst, að gera verður undantekningar frá þeirri meginreglu, og er raunar gert ráð fyrir því í 3. mgr. 61. gr. Verður nánar að slíkum undantekningum vikið síðar í umsögn þessari, eins og tilefni gefast. Vegur „varanlegra heilsutrygginga án uppsagnarréttar“, sbr. 23. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994, hefur á undanförunum árum farið vaxandi hérlendis sem víðast erlendis, hér á landi undir heitinu sjúkdómatryggingar. Hér er um að ræða nýja vátryggingargrein, sem ekki var komin á markað um það leyti, sem norsku lögin um vátryggingarsamninga voru samin. Sjúkdómatryggingar eins og þær eru reknar hér á landi og víðast annars staðar hafa því ekki náð að þróast í Noregi vegna löggjafarinnar þar á landi. Hefur það mjög komið niður á hagsmunum vátryggingartaka og hinna vátryggðu, þar sem norsk vátryggingafélög treysta sér ekki til að bjóða „varanlegar“ sjúkdómatryggingar/heilsutryggingar, heldur áskilja félögin sér rétt til að endurskoða iðgjöld og skilmála árlega.

Orðalag 3. mgr. 61. gr. laganna er of víðtækt, og jafnsetur skv. orðanna hljóðan allar heilsutryggingar líftryggingum. Slíkt á þó ekki við nema um sé að ræða heilsutryggingar án uppsagnarréttar, sbr. það er að ofan greindi. Því er lagt til, að 3. mgr. 61. gr. verði breytt og orðin „án uppsagnarréttar“ tekin upp í ákvæðið. Greinin hljóði svo eftir breytinguna:

„Þegar rætt er um líftryggingu í þessum hluta laganna er einnig átt við heilsutryggingu án uppsagnarréttar nema annað sé tekið fram“.

64. gr. Upplýsingar við töku váttryggingar.

Með vísan til þess, sem áður hefur verið rakið og skýrt í umsögn þessari, t.d. í almennum inngangi og um ákvæði varðandi upplýsingaskyldu vegna skaðatrygginga, er lagt til að 64. gr. verði breytt nokkuð með það að markmiði, að kröfur um upplýsingaskyldu verði raunhæfari, til hagsbóta bæði félagi og váttryggingartaka. Eins og ákvæðið er orðað, er það allt of víðtækt að efni, og gefur augljós tilefni til ágreinings. Lagt er til að 64 gr. hljóði svo:

„Við töku váttryggingar, sem fellur undir þennan hluta laganna, skal félagið, eða sá sem kemur fram fyrir hönd þess, veita nauðsynlegar upplýsingar til þess að váttryggingartaki geti metið tilboð félagsins. Sérstaklega skal það gera grein fyrir því hvort verulegar takmarkanir séu á gildissviði váttryggingarinnar miðað við aðrar sambærilegar váttryggingar.“

Félagið skal meðal annars veita upplýsingar um gildistíma váttryggingarsamnings, skilmála, iðgjöld, ágóðahlutdeild þegar við á og sérstakar takmarkanir á gildissviði váttryggingarinnar miðað við það sem váttryggingartaki má með réttu ætla að hún taki til.

Ef íslensk lög taka ekki til váttryggingarsamnings skal félagið upplýsa um efni þeirrar löggjafar sem um er samið.

Þá skal félagið upplýsa um hvaða aðilar hafi með höndum þjónustu vegna kvörtunar- eða ágreiningsmála er tengjast váttryggingarsamningnum, svo og um rétt hlutaðeigandi til að skjóta málum til dómstóla“.

Um 70. gr Váttryggingarskírteini.

Lagðar eru til sambærilegar breytingar á 70. gr., og gerðar voru tillögur um varðandi 10. gr. Um rökstuðning fyrir slíkum breytingum vísast til þess er áður hefur komið fram í umsögn þessari.

Eftirtaldar breytingar eru því lagðar til á 70. gr.:

Staflíðirnir d og g falli brott. Efnisatriði þeirra koma fram í skilmálum og á greiðsluseðli.

Núverandi e- lið, sem verði d- liður, verði til áréttingar breytt svo:

“d. sérstakir fyrirvarar, ef einhverjir eru...” o.s.frv.

Núverandi f- lið, sem verði e- liður, verði breytt og hljóði svo:

„e. sérstakar varúðarreglur, ef þeirra er ekki getið í skilmálum“.

Um 71. gr. Upplýsingar á váttryggingartímanum.

Í því skyni að gera upplýsingagjöf raunhæfari og markvissari er lagt til, að 1. mgr. 71. gr. verði breytt, og hún hljóði svo:

„Félagið skal árlega sjá til þess að váttryggingartaki hafi upplýsingar um þá þætti váttryggingarinnar sem mikilvægt er fyrir hann að þekkja, svo sem greiðslu iðgjalds, váttryggingarfjárhæð, ágóðahlutdeild þegar við á og útborgun hennar og endurkaupsverð ásamt ráðstöfunum á váttryggingunni. Séu ákveðnar sérstakar takmarkanir eða varúðarreglur, sem ekki er getið í skilmálum, skal félagið einnig minna á þær. Félagið skal einnig gefa upplýsingar um aðra kosti við váttryggingar sem til greina koma eða nýja viðbótarváttryggingarvernd sem það hefur boðið fram eftir að váttryggingin var tekin eða endurnýjuð“.

Lagt er til, að 2. mgr. 71. gr. verði felld brott, enda sýnist hún þarflaus, ekki síst gangi framangreind breyting á 1. mgr. 71. gr. eftir.

Um 75. gr. Heimild váttryggingartaka til þess að segja upp váttryggingarsamningi.

Nokkurra breytinga er þörf á 75. gr., m.a. er nauðsynlegt að skýra betur til hvaða váttrygginga er vísað í 1. másl. 2. mgr. Að öðru leyti vísast til skýringa frammar í umsögn þessari, m.a. varðandi 14. gr. Lagt er til að 75. gr. hljóði svo:

„Váttryggingartaki getur, sé um söfnunarlíftryggingu að ræða, slitið samningnum hvenær sem er.

Nú vill váttryggingartaki við endurnýjun segja upp samningi um aðrar persónutryggingar en greinir í 1. mgr. og verður hann þá að tilkynna félaginu um það innan mánaðar frá því það sendi venjulega tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils. Honum er þó ekki skylt að tilkynna félaginu um uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins.

Váttryggingartaki getur á váttryggingartíma sagt upp gildandi samningi um váttryggingar skv. 2. mgr. ef hann af sérstökum ástæðum hefur ekki lengur hagsmuni af váttryggingunni.

Sé um hópvátryggingu að ræða er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. og 3. mgr. í váttryggingarsamningi“.

Um 76. gr. Heimild félagsins til þess að slíta váttryggingarsamningi á váttryggingartímabili.

Í 3. mgr. 76. gr. er uppsagnarfrestur félagsins ákvarðaður tveir mánuðir hið skemmsta. Engin ástæða er til svo langs uppsagnarfrests þegar fyrir liggur að forsendur til uppsagnar eru fyrir hendi. **Lagt er til að 3. mgr. 76. gr. verði breytt að þessu leyti, og að fresturinn verði einn mánuður hið skemmsta.**

Um 79. gr. Endurnýjun slysa- eða sjúkratryggingar og breyting á skilmálum.

Með vísan til fyrri sjónarmiða, m.a. varðandi 18. gr. frumvarpsins er lagt til, að 79. gr. verði breytt nokkuð.

Gerð er tillaga um, að frestur í 1. mgr. 79. gr. **verði stytur úr tveimur mánuðum í einn mánuð.**

Þá er lagt er til, að orðalagi í upphafi 2. mgr. 79. gr. verði vikið við, og hljóði svo:

„Félagi er heimilt að neita að.....“ o.s.frv.

Loks er minnt á þau sjónarmið, sem komu fram við umfjöllum um 18. gr., að sanngjarnt hlýtur að teljast og eðlilegt, að meðal „sérstakra ástæðna“, sem getið er í 2. mgr. og leitt geta til þess, að félag hafni endurnýjun, sé óvanalega mikil tjónatíðni.

Um 80. gr. Heimild til að halda áfram líftryggingu þegar endurkaupsverðið hefur verið greitt.

Í 2. mgr. 80. gr. er váttryggingartaka veittur hvorki meira né minna en sex mánaða frestur til þess að endurvekja váttryggingu án þess að veita nýjar heilsufarsupplýsingar. Frestur af þessu tagi er allt of langur og er beinlínis til þess fallinn að kalla á misnotkun, þ.e. að krefjast þess að váttryggingin haldi áfram í þeim tilvikum, er grunur vaknar hjá váttryggðum um annað og verra heilsufar. **Eindregið er lagt til, að frestur í 2. mgr. 80. gr. verði stytur úr sex mánuðum í tvo mánuði.**

Um 81. gr. Bráðabirgðavernd í líftryggingum.

Nauðsynlegt er að gera breytingu á 3. mgr. 81. gr., en orðalag hennar er of fortakslaust, m.a. með hliðsjón af skýringum í athugasemdum og efni 4. mgr. Lagt er því til, að 3. mgr. 81. gr. verði breytt, þannig að auk skilmála verði vikið að beiðninni, og hljóði ákvæðið svo:

„Bráðabirgðaverndin skal vera hin sama og vernd þeirrar váttryggingar sem sótt er um ef ekki er gerður áskilnaður um lægri fjárhæð í beiðni um váttryggingu eða í skilmálum hennar“.

Um 82. gr. Skylda váttryggingartaka og váttryggðs til þess að veita upplýsingar um áhættu. Takmarkanir á upplýsingagjöf.

Nauðsynlegt er að gera þá breytingu á lokamálslið 1. mgr. 82. gr. að fella niður orðin „sérstök“ og „verulega“, eins í umsögn þessari var áður skýrt, er vikið var að 19. gr. frumvarpsins. Lokamálsliður (4. ml.) 82. gr. hljóði því svo:

„Vátryggingartaki, og eftir atvikum vátryggður, skal einnig að eigin frumkvæði veita upplýsingar um atvik sem hann veit, eða má vita, að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu“.

Í 2. mgr. 82. gr. er að finna nýmæli í íslenskum rétti, og er tilefni þess hinar stórstígu framfarir síðustu ára á því sviði vísinda, er snúa beint og óbeint að erfðatækni og erfðafræði. Eðlilegt er, að hér á landi eins og víða annars staðar, verði mótaðar reglur, sem reisi skörður við öflun og hagnýtingu vátryggingarfélaga á upplýsingum um margvíslega erfðafræðilega eiginleika, sem af hinni öru þróun þessara vísindagreina leiðir. Er þá fyrst og fremst átt við lækisfræðilegar rannsóknir á sviði erfða og arfgengra þátta á orsökum sjúkdóma, þ.m.t. rannsóknir á lífsýnum fólks. Ástæða er þó til að árétt, að engin áform hafa verið hér á landi um að krefjast t.d. erfðafræðilegra prófa á lífsýnum við töku vátrygginga. Á hinn bóginn mega hinar nýju reglur, sem settar eru beinlínis vegna áðurnefndra vísindaframfara, ekki koma í veg fyrir að vátryggjendur geti hagnýtt sér hefðbundnar upplýsingar við áhættumat líkt og tíðkast hefur nánast frá upphafi vátryggingastarfseminnar. Eins og vikið er að í almennum athugasemdum með XIII. kafla frumvarpsins hefur ætíð verið þáttur í áhættumati vátryggingafélags við gerð samnings um persónutryggingar, að afla upplýsinga um heilsufar þess, sem vátryggja á og með samþykki hans. Kannað er fyrst og fremst hvort vátryggingin skuli veitt samkvæmt almennum skilmálum og venjulegu iðgjaldi. Komi í ljós, að slíkt er ekki unnt, kallar það á sérstaka afgreiðslu hjá félaginu, en tiltölulega sjaldgæft er, að beiðni um vátryggingu sé alveg hafnað. Við töku persónutrygginga er því oftast nauðsynlegt að ganga frá formlegri vátryggingarbeiðni, þar sem lagt er fyrir vátryggðan að veita upplýsingar, er snúa að persónulegum högum, m.a. að heilsufari hans og nánustu skyldmenna. Komi fram í beiðninni upplýsingar, sem benda til sjúkdóms, er málið kannað frekar, og ráðgjafalæknir félagsins skoðar einstaklinginn eða aflar frekari gagna. Afgreiðsla félagsins getur svo orðið með ýmsum hætti, allt eftir eðli máls. Þannig getur beiðnin eftir nánari skoðun verið samþykkt athugasemdalaust. Beiðni getur einnig verið samþykkt með skilyrðum, t.d. að ákveðinn sjúkdómur sé undanskilinn tímabundið eða til frambúðar. Þá getur beiðni verið hafnað á grundvelli framkominna upplýsinga eða hafnað með skilyrðum, t.d. enn frekari læknisskoðunar krafist. Þeir, sem hafa skerta starfsorku, eru einnig skoðaðir og metnir sérstaklega. Ef unnt er, t.d. megi ætla að afleiðingar slyss liggi fyrir, ástand sé orðið stöðugt og allnokkur starfsorka sé enn fyrir hendi, er beiðni samþykkt, ýmist að fullu eða með takmörkunum. Þannig hefur almennt verið leitast við að koma til móts við þarfir sem flestra, og við meðferð mála og afgreiðslu félaga ráða málefnaleg sjónarmið.

Til að leysa úr því álitaefni, hverjar skuli vera heimildir vátryggingafélaga til að afla og hagnýta upplýsingar um erfðafræðileg atriði, hefur í frumvarpinu verið horft til dansks réttar. Er 2. mgr. 82. gr. þýðing á gr. 3a í dönsku vátryggingarsamningalögunum, en ákvæðið var lögtekið árið 1997 í Danmörku. Ekki er gerð athugasemd við það, að horft skuli til dansks réttar í þesu efni, og ekki eru gerðar beinar athugasemdir við orðalag 2.

mgr. 82. gr. frumvarpsins. Á hinn bóginn er efni athugasemda frumvarpsins varðandi ákvæðið ekki í samræmi við það, sem vænta mátti og þær skýringar sem fylgdu danska ákvæðinu við lögfestingu þess á sínum tíma. Efni athugasemda frumvarpsins eru með þeim hætti, að íslenskum váttryggingafélögum verður óheimilt að taka tillit til í áhættumati sínu upplýsinga um áhættuþætti sem snúa að fjölskyldusögu, og aflað hefur verið á hefðbundinn hátt. Við það verður ekki unað, enda yrði með slíku banni verið að veða að grundvallarsjónarmiðum um váttryggingar og váttryggingastarfsemi.

Því er eindregið lagt til, að í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar, verði við afgreiðslu þessa ákvæðis frumvarpsins skýrt kveðið á um, að við framkvæmd þess verði horft til danskra reglna eins og við geti átt, sem séu fyrirmynd ákvæðisins, og að ekki sé ætlunin að takmarka rétt váttryggingafélaga til að afla sér og hagnýta heilsufarsupplýsingar á þann hátt, sem tíðkast hefur, og í samræmi við góða og viðtekna starfshætti í váttryggingastarfsemi.

Um 83. gr. Ábyrgð félagsins þegar upplýsingaskylda er vanrækt.

Breyta þarf 2. mgr. 83. gr., og vísast um ástæður fyrir því til þess er í umsögn þessari kom fram varðandi sambærilega breytingartillögu um 20. gr. Lagt er til að 2. mgr. 82. gr. hljóði svo:

„Hafi váttryggingartaki eða váttryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta“.

Um 84. gr. Réttur félagsins til þess að segja upp váttryggingunni og til breytinga á váttryggingarsamningi þegar upplýsingaskylda er vanrækt.

Í ljósi breytingartillagna varðandi 2. mgr. 83. gr., um að horfið verði þar frá orðalaginu „í þeim mæli að ekki telst óverulegt“, er einnig lagt til að breyting verði gerð á 1. mgr. 84. gr. Lagt er til að 1. másl. 1. mgr. 84. gr. hljóði svo:

„Nú verður félaginu ljóst á váttryggingartímanum að upplýsingaskylda váttryggingartaka eða váttryggðs hefur verið vanrækt og getur það þá sagt upp váttryggingunni með 14 daga fyrirvara“.

Um 85. gr. Takmarkanir á heimildum félagsins til þess að bera fyrir sig upplýsingaskort.

Nauðsynlegt er, m.a. vegna heilsutrygginga án uppsagnarréttar, en skv. 61. gr. ná ákvæði frumvarpsins um líftryggingar einnig til slíkra trygginga, að gera breytingar á 2. mgr. 85. gr. Önnur sjónarmið eiga við um áhættumat í heilsutryggingum án uppsagnarréttar en um áhættulíftryggingar. Er af þeim sökum t.a.m. algengara að sjúkdómatrygging án uppsagnarréttar sé veitt með sérstökum skilmálum þar sem tiltekin áhætta hefur verið undanskilin eða með hærra iðgjaldi heldur en er áhættulíftrygging á í hlut. Er því gerð tillaga um, að 2. mgr. 85. gr. taki fyrst og fremst til hreinna áhættulíftrygginga. Einnig er gerð tillaga um, að frestur í 2. mgr. 85. gr. verði lengdur úr tveimur árum í fimm ár.

Tveggja ára frestur er of skammur í þessu tilviki, og er ákvæðið í slíkri mynd beinlínis til þess fallið að verða misnotað. Lagt er til að 2. mgr. 85. gr. hljóði svo:

„Í hreinum áhættulíftryggingum getur félagið aðeins borið fyrir sig að upplýsingaskyldu hafi ekki verið fullnægt ef váttryggingaratburður hefur orðið eða félagið hefur veitt viðvörðun skv. 94. gr. innan fimm ára frá því að ábyrgð þess hófst. Þessi takmörkun gildir þó ekki ef svikum hefur verið beitt“.

Um 86. gr. Ábyrgðartakmörkun vegna heilsufars váttryggðs.

Stöðugt verður algengara að staðið sé að samningum um líf- og sjúkdómatryggingar á þann veg, að váttryggingartaki undirritar yfirlýsingu þess efnis, að váttryggingin nái ekki til tjónsatviks, sem rekja megi til ástands, sem hann mátti vita um við töku váttryggingarinnar. Fjölmargt mælir með slíkri tilhögun. Þannig geta einstaklingar á einfaldan hátt tekið váttryggingu og losnað við að fylla ítarlega váttryggingarbeiðni eða umsókn. Umsýslan verður minni fyrir félagið, sem leiðir til lægra iðgjalds. Þá styrkir þessi tilhögun stöðu þeirra, sem hefðu að öðrum kosti takmarkaða eða enga möguleika til að fá váttryggingu. Lagt er til með vísan til ofangreinds, að nýr staflíður, sem verði c-líður, bætist í 2. másl. 1. mgr. 86. gr., og hljóði svo:

„c. ef samið er um að félagið afli ekki upplýsinga um heilsufar váttryggðs við töku váttryggingar. Í slíkum tilvikum getur félagið gert fyrirvara um að það sé laust úr ábyrgð vegna sjúkdóms eða meins, sem hinn váttryggði vissi eða mátti vita um“.

Vegna m.a. sjónarmiða um sjúkdómatryggingar, sem áður hafa verið rakin í sambandi við tengsl líftrygginga og heilsutrygginga án uppsagnarréttar, er brýnt að víkka ákvæði 2. mgr. 86. gr. nokkuð. Lagt er til, að 2. mgr. 86. gr. verði svohljóðandi:

„Í öðrum persónutryggingum en hreinum áhættulíftryggingum getur félagið í skilmálum gert fyrirvara um að það beri einungis ábyrgð á sjúkdómi eða öðru tjónsatviki, að einkenni eða atvik hafi komið fram eftir ákveðið tímamark eða á þeim tíma að váttrygging var ekki í gildi. Hið sama á við um váttryggingu á örorku í tengslum við líftryggingu“.

Til frekari skýringar varðandi orðalag ofangreindrar tillögu skal minnt á, að í sjúkdómatryggingu er hið bótaskylda tilvik stundum aðgerð, sem leiðir af sjúkdómi, en ekki greining sjúkdóms sem slík. Oft gerist eftir að bætur vegna sjúkdóms hafa verið gerðar upp, að váttryggingunni er sagt upp eða henni ekki haldið í gildi. Nauðsynlegt er að heimila félögunum að takmarka ábyrgð sína vegna atvika sem koma fram í slíkum tilfellum. Verði ekki gerð lagfæring á frumvarpinu í samræmi við framangreinda tillögu yrðu möguleikar íslenskra félaga til að bjóða sambærilegar persónutryggingar og annars staðar tíðkast stórlega skertir.

Um 89. gr. Váttryggingaratburði valdið af ásetningi.

Í 3. málsli. 1. mgr. 89. gr. segir, að félagið geti við slysátryggingar gert fyrirvara um að það beri ábyrgð á sjálfsvígi eða tilraun til sjálfsvígs sem rakin verði til geðveiki. Þetta ákvæði er afar sérstakt, því sjálfsvíg falla utan gildissviðs slysátrygginga. Sýnist nánast sem hér eigi að vera skylda að innifela slíka háttsemi í slysátryggingum. **Eindregið er lagt til að 3. málsli. 1. mgr. 89. gr. verði felldur brott.**

Um 97. gr. Réttur til að endurvekja líftryggingu án nýrra heilsúfarsupplýsinga.

Efni þessarar greinar sýnist vart eiga við nema um sé að ræða hreinar áhættulíftryggingar, en taki ekki til sjúkdómatryggingar, sbr. það er áður segir um það efni. Lagt er til, að þetta verði áréttað í upphafi ákvæðisins, sem hljóði þá svo:

„Nú hefur ábyrgð félagsins samkvæmt samningi um hreina áhættulíftryggingu...“
o.s.frv.

Um 100. gr. Réttur til greiðslu frá félaginu þegar váttryggingartaki hefur ekki ráðstafað váttryggingum.

Sérstök athygli er á því vakin, að í athugasemdum með 2. mgr. 100. gr. frumvarpsins er beinlínis tekið fram, að orðið „maki“ taki ekki til þeirra, sem til samvistar hafa stofnað skv. lögum nr. 87/1996. um staðfesta samvist. Sýnist slíkt ganga í berhögg við efni laga nr. 87/1996. **Er efnahags- og viðskiptanefnd bent á að áréttu í nefndarálitinu sínu, að þrátt fyrir ummæli í athugasemd um 2. mgr. 100. gr., þá taki hugtakið maki einnig til þeirra, sem staðfest hafa samvist skv. lögum nr. 87/1996.**

Um 101. gr. Tilnefning rétthafa.

Lagt er eindregið til, að seinni málsli. 1. mgr. 101. gr. verði felldur niður, en samkvæmt honum ber váttryggingafélagi að tilkynna maka váttryggingartaka í hjúskap um tilnefningu rétthafa. Ákvæði þetta gengur í berhögg við öll grunnsjónarmið persónuverndar. Einstaklingur í hjúskap getur haft margvíslegar og réttmætar ástæður fyrir tilnefningu rétthafa annars en maka síns. Að skylda váttryggingafélag með lögum til að greina maka hans frá slíkri ákvörðun er, hvernig sem á það er litið, allt of langt gengið. M.a.s. hugmyndir um breytingu á þessu ákvæði í þá veru, að váttryggingartaki skuli sjálfur upplýsa maka sinn um rétthafatilnefningu orkar mjög tvímælis, og gengi á skjön við sjónarmið um samningsfrelsi einstaklinga, aðskilinn fjárhag hjóna o.s.frv.

Um 105. gr. Tilnefningu rétthafa hnekkt eftir kröfu þeirra sem verið hafa á framfæri váttryggingartaka.

Afar óeðlilegt er ef óafturkallanleg tilnefning skuli ekki fortakslaust standa, eins og leitt verður af efni 105. gr. Um ástæður þess má minna á það m.a. er hér að framan var sagt um efni 101. gr. Rétt er að nefna í þessu sambandi, að með vísan til efnis 71. gr. frumvarpsins sýnist sem félaginu beri að greina rétthafa, og þar með maka, eigi hann rétt á váttryggingarbótum, um allar breytingar á rétthafatilnefningunni. Sýnist þar á ferð

fullnægjandi vernd fyrir makann að þessu leyti. Eindregið er lagt til að í 105. gr. verði tekin ný málsgrein, 5. mgr., og hljóði hún svo:

„Reglur þessarar greinar gilda ekki ef tilnefning rétthafa er óafturkallanleg“.

Um 121. gr. Greiðsla bóta eða vátryggingarfjárhæðir.

Í samræmi við tillögu til breytingar á 48. gr. er lagt til að í 2. mgr. 121. gr. verði áréttað, að félaginu sé skylt að inna af hendi hlutagreiðslu bóta, enda sé slíkrar greiðslu krafist. Lagt er því til, að 2. mgr. 121. gr. hljóði svo:

„Ef augljóst er áður en endanlegt uppgjör fer fram að félaginu ber að greiða að minnsta kosti hluta af bótum þeim sem gerð er krafa um skal það inna af hendi hlutagreiðslu sem því nemur, ef krafist verður“.

Um 124. gr. Frestur til að tilkynna um vátryggingaratburð í slysa- eða sjúkratryggingum og til lögfræðilegra aðgerða.

Eðlilegt er, að heilsutryggingar, hvort heldur með eða án uppsagnarréttar, falli undir þessa grein. Er lagt til, að það verði skýlaust áréttað. Því er lagt til, að yfirskrift greinarinnar verði breytt og hljóði svo:

„Frestur til að tilkynna um vátryggingaratburð í slysa-, sjúkra- eða heilsutryggingum og til lögfræðilegra aðgerða“.

Þá er lagt til, að upphafi 1. mgr. 124. gr. verði breytt, og hljóði svo:

„Sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysa- eða sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glatar þeim rétti, ef...“ o.s.frv.

Um 125. gr. Fyrning.

Til samræmis við breytingartillögur varðandi 124. gr. þarf að gera breytingu á 125. gr. Lagt er til að lokamásl. 1. mgr. 125. gr. verði breytt og hann hljóði svo:

„Hafi félagið vegna vátrygginga sem getið er í 1. mgr. 124. gr. sent tilkynningu skv. 2. mgr. þeirrar greinar fyrnist krafan fyrst þegar sá frestur líður sem þar er tilgreindur“.

Um 126. gr. Tengsl við önnur ákvæði laganna.

Ljóst er að ófrávikjanlegar reglur frumvarpsins um hópvátryggingar geta ekki tekið til skyldubundinna slysa- eða líftrygginga, hvort heldur sú skylda byggist á lögum eða kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins. Í athugasemdum með frumvarpinu er í niðurlagi athugasemda með 61. gr. minnt á, að tryggingar opinberra starfsmanna samkvæmt kjarasamningum þeirra, falli utan laganna. Í sjálfu sér er ekki ástæða til að um

hópvátryggingar annarra stétta eigi að gilda aðrar og niðurnjörfaðar reglur. Lagt er til, að yfirskrift greinarinnar verði breytt, og hljóði svo:

„Gildissvið. Tengsl við önnur ákvæði laganna“.

Jafnframt er lagt til, að nýr málslíður, 2. másl. verði tekinn upp í 126. gr., svohljóðandi:

„Reglur þessa kafla gilda þó ekki um slíkar vátryggingar, sem skylt er að taka samkvæmt lögum eða kjarasamningum“.

Um 129. gr. Vátryggingarskírteini.


Í samræmi við sjónarmið, sem sett voru fram varðandi breytingu á 56. gr. er lagt til **að í 1. mgr. 129. gr., sbr. og 2. mgr., verði afhending bundin við afrit vátryggingarskírteinis.**

Um 146. gr. Gildistaka.


Eins og lauslega er að vikið í athugasemdum með IV. kafla laganna er ljóst, að verði frumvarp þetta að lögum, kallar það á geysilegan undirbúning af hálfu vátryggingafélaganna og rækilegrar endurmenntunar og fræðslu nánast alls starfsfólks þeirra. Endurskoða verður alla vátryggingarskilmála, og semja margvíslegt upplýsingarefni fyrir vátryggingartaka og vátryggða í allt öðrum og meiri mæli en skylt hefur verið áður. Þá er augljóst, að í frumvarpinu felst slík grundvallarbreyting, m.a. vegna alls konar ófrávikjanlegrar upplýsinga- og tilkynningarskyldu félaganna, að stórfelldar breytingar hljóta að vera gerðar á tölvubúnaði vátryggingafélaganna hér á landi. Í 146. gr. frumvarpsins er miðað við, að gildistaka laganna verði 1. janúar 2005. Sá frestur er allt of skammur. **Lagt er eindregið til, að lögin komi til framkvæmda í fyrsta lagi þann 1. janúar 2007, og er þá miðað við að lögin verði samþykkt á yfirstandandi þingi.**

Samband íslenskra tryggingafélaga er hvenær sem er reiðubúið til að skýra sjónarmið sín til frumvarps þessa frekar, verði þess farið á leit.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Gunnar Felixson, formaður



Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóri